

Stjórnarfundur Listskreytingasjóðs

Mánudaginn 2. september 2024

Kl. 17:00

Gimli, Lækjargötu 3

Mætt eru:

Kristján Steingrímur Jónsson, formaður, tilnefndur af Menningarmálaráðherra
Karl Kvaran, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands
Ilmur Stefánsdóttir, tilnefnd af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu
Siggga Björg, tilnefnd af SÍM
Karl Ómarsson, tilnefndur af SÍM
Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar
Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar

Fundagerð:

1. Kynning á Myndlistarstefnu og aðkomu Myndlistarmiðstöðvar

Kristján Steingrímur býður stjórnarmenn velkomna á fund. Auður Jörundsdóttir fer yfir helstu áherslur og aðgerðir í Myndlistarstefnu.

Auður og Kristján kynna aðgerð 9 í Myndlistarstefnunni, List í opinberu rými – breytt skipulag og framkvæmd. Þar stendur „Fyrirkomulag Listskreytingasjóðs verði skoðað í samráði við myndlistarráð, Samband íslenskra myndlistarmanna, Myndlistarmiðstöð, Listasafn Íslands, Arkitektafélag Íslands og Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir.“

Tinna Guðmundsdóttir er starfsmaður Listskreytingasjóðs og vinnur samkvæmt verkáætlun sem var samþykkt af Menningarmálaráðuneytinu. Auður leggur fram skjal um stöðu verkefna, samkvæmt fasa 1:

1. Keyra út gagnagrunn, Dísill - lokið
2. Undirbúningsfundir með LÍ v. Sarps - lokið
3. Skilafundur og afhending gagnna – í vinnslu
4. Gögn flutt, skjöl etc. frá SÍM til MM – í vinnslu
5. Yfirferð og samræming á verkaskrá – í vinnslu
6. Skráning gagnna í Sarp – í vinnslu
7. Koma verkum í eigu sjóðsins í geymslu- lokið

Auður afhendir einnig stjórnarmönnum eintak af Myndlistarlögnum. Í kjölfarið er rætt um hlutverk stjórnar, helstu verkefni og tímaramma. Ákveðið að nota tímamann fram að áramótum til að viðað sér gögnum og rannsaka allar forsendur.

Opnar umræður sem fara um víðan völl. Stjórnarmenn m.a. ræða um Myndlistarlögin, sögu Listskreytingasjóðs, 1% regluna, listaverkæign sjóðsins, geymslu á verkum, forvörslu verka, samkeppnir, fyrirmyndir o.frv.

Ákveðið Kristján og Ilmur munu fyrir hönd stjórnar fara á fund til Framkvæmdasýslu – Ríkiseignir til afla upplýsinga um framkvæmdir í tengslum við 1% síðustu ár. Tinna tekur að sér að bóka fund. Niðurstöður frá þeim fundi verður kynnt á næsta stjórnarfundi.

2. Val á varaformanni

Kristján leggur til að Karl Kvaran verði varaformaður. Stjórn samþykkir.

3. Fundartímar stjórnar

Rætt um hentuða fundartíma. Ákveðið a hittast fyrsta mánudag í mánuði fram að áramótum kl. 17:00.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 7. október klukkan 17:00

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:30